

AIC - ÍSLAND/ICELAND

Flugmálastjórn Íslands, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /
Icelandic Civil Aviation Administration, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland
Sími/Telephone: + 354 569 4100 – Fax/Telefax: + 354 562 3619
Netfang/E-mail: fms@caa.is – Veffang/Internet address: http://www.caa.is

AIC
B 06/ 2003

12 JUN 2003

ICELANDIC



ENGLISH

Bensínleki - fyrirflugsskoðun

Að gefnu tilefni bendir flugöryggisvið flugmönnum og viðhaldsaðilum lítilla flugvéla á eftirfarandi:

Nýlega varð flugmaður að nauðlenda flugvél sinni eftir að eldsneytisgeymar hennar höfðu tæmst vegna leka undanrennslukrana eldsneytissíu. Í sumum flugvélategundum er eldsneytisloki sem samkvæmt flughandbók skal ætíð vera “opinn” nema þegar um reyðarástand er að ræða eða þegar viðhald á að fara fram á eldsneytiskerfinu framan við eldvegg. Þessi loki skal vera öryggisvirkbundinn í **opinni** stöðu. Vir þessi skal vera af gerð sem auðvelt er að slítaef á þarf að halda. Vir þessi var slitinn í umræddu tilviki.

Ef vart verður eldsneytisleka í fyrirflugsskoðun sem á rætur sínar að rekja til svæðis aftan eða framan við eldvegg, skal slíta öryggisvirinn og skrúfa fyrir umræddan loka. Kanna skal orsök lekans og lagfæra bilunina **áður en flugvélin er lýst lofthæf á ný**.

Til flugskóla og flugmanna:

• Flughandbók: Fyrirmælum í flughandbók (rekstrarhandbók) flugvéla skal fylgja í hvívetna. Í fyrirflugsskoðun flugvéla sem ofangreind hönnun nær til skal flugmaður fullvissa sig um að eldsneytislokinn sé opinn og virbundinn. Flugmenn mega aldrei loka þessum krana nema leka verður vart á jörðu niðri og í neyð á flugi. Ef af einhverjum ástæðum þarf að loka krananum verður flugvélin ólofthæf þar til hún hefur verið lýst lofthæf aftur af flugvéltækni sem til þess hefur viðeigandi heimild.

• Leiðarbók: Slys hafa orðið vegna þess að nauðsynlegar upplýsingar berast ekki til flugmannsins sem næst flýgur flugvélinni. Því eru það eru eindregin tilmæli til eigenda/umráðenda einkaflugvéla sem ekki nú þegar hafa leiðardagbók í flugvélum sínum að koma sér upp slíkri bók. Á það fyrst og fremst við, þegar tveir eða fleiri aðilar fljúga sömu flugvél. Í þessa bók verður að skrá, eftir hvert flug, þær bilanir eða galla sem kunna að hafa komið fram í því flugi svo og aðrar upplýsingar sem að gagni mættu koma þeim sem næst flýgur flugvélinni svo og fyrir flugvélavirkjann sem sér um viðhald og viðgerðir.

FLUGÖRYGGISSVIÐ

Upplýsingabréf AIC B - 0003 26 MAÍ 1998, um sama efni, er hér með fellt úr gildi.

This AIC is only issued in Icelandic

THIS PAGE INTENTIONALLY LEFT BLANK